

Menntaskólinn í Reykjavík, kt. 460269-2109 og mennta- og menningarmálaráðuneytið, kt. 460269-2969, gera með sér eftirfarandi skólasamning:

1. Tilgangur

Samningurinn er samkvæmt 2. mgr. 44. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum.

Samningurinn fjallar um það hvernig Menntaskólinn í Reykjavík uppfyllir lögbundið hlutverk, helstu áherslur og markmið í starfsemi hans, námskrá, námsframboð, kennslufyrirkomulag, mat og eftirlit með gæðum og önnur mikilvæg atriði í starfseminni.

Samningurinn er jafnframt liður í áætlanagerð og eftirfylgni samkvæmt reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana.

Tilgangurinn er að stuðla að metnaðarfullri og markvissri framþróun skólans í þágu nemenda, með vandaðri stjórnun og virkum samskiptum samningsaðila.

Samningurinn hefur ekki áhrif á lagalegar skyldur, ábyrgð og heimildir aðila, svo sem yfirstjórnunarheimildir ráðherra.

2. Hlutverk og megináherslur

Menntaskólinn í Reykjavík er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. gr. laga nr. 92/2008 og skal starfsemi Menntaskólans í Reykjavík þjóna því.

Sá kafli sem hér fer á eftir lýsir helstu áherslum í starfsemi skólans og markmiðum skólans við upphaf samningstímans. Við undirritun samningsins er ráðuneytið meðvitað um að skólinn hefur undanfarin ár búið við mikinn niðurskurð vegna efnahagsástandsins og erfið húsnæðismál sem hafa þrengt mjög að allri starfsemi skólans og gert honum ókleift að uppfylla öll sett markmið. Enn fremur er ráðuneytinu kunnugt að frekari niðurskurður mun setja skólanum enn þrengri skorður. Þessi niðurskurður er bein afleiðing niðurskurðar ríkisútgjalda. Því gætu sum þeirra markmiða, sem hér eru sett, þarfnast endurskoðunar í ljósi aðstæðna. Kaflinn er opinn til umræðu og uppfærslu.

Hlutverk, markmið og áherslur í starfi

Húsnæði skólans og allt viðhald þeirra heyra undir Fasteignir ríkissjóðs og/eða Framkvæmdasýslu ríkisins. Vegna erfiðrar stöðu í húsnæðismálum skólans er óskað eftir því að undirbúningur nýbygginga verði settur á áætlun vorið 2013. Erfið staða í húsnæðismálum Menntaskólans í Reykjavík getur hamlað því að sett markmið náist.

1. Námsframboð skólans til stúdentsprófs til ársins 2015 tekur mið af núverandi skólanámskrá þar sem boðið er upp á nám bekkjaskóla á tveimur námsbrautum, málabraut og náttúrufræðibraut, sem greinast í samtals 8 deildir. Unnið er nú að því að efla formáladeildina enn frekar enda eina formáladeildin sem stendur nemendum til boða á Stór-Reykjavíkursvæðinu (líklegast sú eina á landinu). Í nýju námskránni er tillaga um að nafnið breytist í Formáladeild-klassísk fræði.
Meginmarkmið skólans er að búa nemendur undir að takast á við bóklegt háskólanám. Þá leitast skólinn við að veita nemendum innsýn í menningarleg verðmæti, m.a. með því að styðja við fjölbreytilegt félagsstarf nemenda, með því að bjóða nemendum að fara í vettvangsferðir, sækja tónleika, leikhúsferðir og undirbúa þá undir að taka þátt í lýðræðislegu þjóðfélagi.
Til að meta hvort markmið náist verður notuð viðhorfskönnun nemenda sem verður lögð fyrir á vorönn. Fylgst verður grannt með námsgengi nemenda í viðtökuskólum til að reyna að greina styrkleika og veikleika í námsferli skólans.
2. Stoðþjónusta skólans er öflug og unnið verður áfram að því að efla hana enn frekar. Það felur m.a. í sér:
 - a) Skrifstofa skólans leysi greiðlega úr erindum þeirra sem þangað leita.
 - b) Hjúkrunarfræðingur aðstoði nemendur við að ráðleggja þeim um hvernig bregðast skuli við líkamlegum og / eða geðrænum vandamálum sem þeir kunna að glíma við.
 - c) Umsjónarkennarar haldi vel utan um nemendur sína og stefnt er að því að efla umsjónarkennarastarfið enn frekar og samstarf þeirra við aðra þætti stoðkerfisins. Það er gert m.a. með reglulegum viðtölum við nemendur í sérstökum viðtalstímum auk þess eru umsjónarkennarar með fasta viðtalstíma fyrir nemendur sína í hverri viku. Töluvert samstarf er nú þegar milli umsjónarkennara, námsráðgjafa og hjúkrunarfræðings og lögð áhersla á að efla það enn frekar.
 - d) Nemendum í 3. og 4. bekk verði boðið upp á stoðtíma í stærðfræði og nemendum í 4. bekk upp á stoðtíma í latínu og efnafræði og nemendum í 5. bekk boðið upp á stoðtíma í eðlisfræði í samstarfi við nemendaráðgjafa. Eins er stefnt að því að kennarar komi inn í þetta starf ef þurfa þykir.
 - e) Nemendum sem glíma við lestrarörðugleika, t.d. dyslexíu, verði boðið upp á stoðtíma í stafsetningu. Á haustönn 2012 var haldinn fundur kennara við skólann með Elínu Vilhelmsdóttur, starfandi námsráðgjafa í FÁ, um greiningu og aðstoð við lesblinda til að efla enn frekar aðstoð við þá. Í kjölfarið er mikill áhugi meðal starfsmanna á að efla þjónustu við lesblinda nemendur og nemendur með athyglibrest í formi fjölbreytilegra náms, skil á verkefnum og próftöku. Ljóst er að skv. lögum eiga þessir hópar rétt á aukinni aðstoð í samræmi við sérþarfir þeirra. Aukin þjónusta við þennan hóp kallar á aukin framlög og má benda á að fjárframlög á hvern nemenda við skólann á undanförunum fjárlögum hafa gert skólanum ókleift að sinna þessum þáttum á raunhæfan og réttlátan hátt.
 - f) Nemendum sem hafa erlent ríkisfang og nemendum sem hafa dvalist lengi erlendis verði boðið upp á stoðtíma til að aðstoða þá við nám í íslensku en þessi þjónusta er háð stuðningi menntamálaráðuneytis.
 - g) Námsráðgjöf verði nýtt vel af nemendum og verður kynning á starfsemi námsráðgjafanna sérstaklega meðal nýnema snemma á haustönn.
 - h) Bókasafnið nýtist vel. Vegna niðurskurðar hefur þjónustustig bókasafnsins lækkað og er mikill vilji að ná a.m.k. upp fyrri þjónustu og helst meiri strax skólaárið 2013-2014.

Ljóst er að húsnæðismálin gera skólayfirvöldum erfitt fyrir í að vera með raunhæfar væntingar hér.

- i) Mötuneyti bjóði hollustuvörur á sanngjörnu verði og standist viðurkenndar hollustukröfur. Eins og staðan er nú er ljóst að ekki er hægt að bjóða öllum nemendum þjónustu. Mötuneyti nemenda rúmar ekki alla nemendur skólans og eru þrengsli mikil. Til að ná betri árangri, sem stefnt er að, þarf verulegar breytingar í húsnæðismálum skólans.

Gerð verður grein fyrir þátttöku nemenda og viðhorfum þeirra á þessum málaflokki, m.a. með viðhorfskönnunum á hverri vorönn sem fjallað verður um í sjálfsmatsskýrslu sem er á heimasíðu skólans.

3. Fjölbreytni náms verði tryggð með þátttöku nemenda í námi fyrir utan formlega námskrá. Þetta verði gert m.a. með eftirfarandi:

- a) Nemendum sem hafa áhuga á þjálfun í þrautalausnum í stærðfræði standi til boða laugardagsæfingar.
- b) Nemendum standi til boða þátttaka í kórstarfi.
- c) Nemendum í tungumálanámi standi til boða að taka þátt í erlendu samstarfi ef fjárhagur skólans leyfir.

Gerð verður grein fyrir þátttöku í ársskýrslu.

4. Unnið verði að innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga og miðað við að nemendur sem innritast vorið 2015 hefji nám á grundvelli nýrrar skólanámskrár. Það felur m.a. í sér:
 - a) Gerðar verði námsgreinalýsingar fyrir alla kennda áfanga í skólanum með tilliti til þrepaskiptingar og þekkingar-, leikni- og hæfnimarkmiða. Undirbúningur að þessu starfi fór fram á árinu 2011 sem þróunarverkefni en er nú í biðstöðu og vonast er til að hægt verði að halda áfram sem allra fyrst.
 - b) Skilgreint verði framhaldsskólapróf frá skólanum að loknu tveggja ára námi og ætti að nýtast þeim nemendum sem annars myndu hætta námi og ljúka ekki stúdentsprófi. Þá verði hugað að auknu námsframboði, fyrir fjölbreyttari nemendahóp, t.d. starfsbraut fyrir fatlaða nemendur. Þetta er háð því að bætt verði úr brýnum húsnæðisvanda skólans og aðstaða verði tryggð til starfseminnar. Miðaða við núverandi húsnæðisástand er ekki hægt að gera áætlanir eða tímasetja slíka nýbreytni í námi.

5. Innritun nemenda inn á brautir skólans er ákveðin á grundvelli inntökuskilyrða sem eru gerð í samstarfi við ráðuneyti. Fjöldi innritaðra nýnema ákvarðast af fjölda ársnemenda í fjárlögum hverju sinni. Við innritun nýnema hafa 10. þekkingar forgang um skólavist.

6. Félagslíf nemenda skal vera öflugt og heilbrigt. Skólinn stuðlar að því, m.a. með
 - a) góðu samstarfi við stjórn foreldrafélags skólans (foreldraráð, sjá heimasíðu).
 - b) góðu samstarfi við stjórnir nemendafélaganna Skólafélagsins og Framtíðarinnar.
 - c) forvarnafulltrúi og félagsmálafulltrúi í samstarfi við skólastjórnendur og stjórnir nemendafélaganna að efla heilbrigt félagslíf og vímuefnalaugar skemmtanir á vegum skólans, m.a. um nýnemaferð, Sökkaball 4. þekkinga, Selsferðum, skíðaferðum og kvöldvökum.

Til að meta hvort þessum markmið sé náð skal kanna þátttöku nemenda og með viðhorfskönnunum forráðamanna og nemenda. Þessu skal gerð skil í sjálfsmatsskýrslu.

http://www.mr.is/index.php?option=com_content&view=article&id=431&Itemid=1034

7. Markvisst skal unnið að því að draga úr brotthvarfi nemenda frá námi með öflugri stoðþjónustu. Stefnt er að því að a.m.k. 95% af fjölda innritaðra nemenda að hausti gangi undir vorpróf. Jafnframt að fjöldi þeirra nemenda sem hætta námi á hverju misseri sé innan við 3% og heildarfjöldi nemenda sem hverfa frá námi alveg eða tímabundið vegna náms erlendis á skólaárinu sé innan við 7%.

Til að meta hvort þessu markmiði sé náð skal gera grein fyrir þessum mælikvörðum í ársskýrslu.

9. Kennsla. Skólinn leitast við að hafa á að skipa vel menntuðu starfsfólki sem hefur mikla þjónustulund við nemendur. Allir kennarar hafi a.m.k. fyrstu háskólagráðu í sínu fagi og kennsluréttindi. A.m.k. 50% kennara séu með meistaragráðu eða hærri prófgráðu. Aðrir starfsmenn hafi þá menntun sem krafist er fyrir viðkomandi störf. Gæði kennslu eru metin á hverju ári með kennslukönnun og í viðtölum við kennara.

Til að meta hvort þessu markmiði er náð skal gera grein fyrir þessum upplýsingum í sjálfsmatsskýrslu.

http://www.mr.is/index.php?option=com_content&view=article&id=431&Itemid=1034

8. Stjórnun skólans styðji við stefnu hans og verkferlar hjá stjórnendum séu skýrir.
- Rektor stjórni af festu og leysi mál eins fljótt og unnt er og sýni sanngirni við úrlausn mála.
 - Aðgengi sé gott að stjórnendum og auðvelt að ná fundi þeirra til að bera upp mál.
 - Skólinn sé vel rekinn og stefnt að því að halda rekstri innan 4% frávika frá fjárlögum.
 - Skólinn hefur skýra starfsmannastefnu og fastar verklagsreglur um móttöku á nýjum starfsmönnum. Unnið er að umhverfisstefnu og samningar um ræstingar taka mið af henni. Einnig er unnið skv. jafnréttisáætlun og stefnt er að því að hafa sem jafnast hlutfall kynja í starfsmannahópi skólans.

Mat á því hvort þessum markmiðum er náð skal gera grein fyrir í sjálfsmatsskýrslu,

http://www.mr.is/index.php?option=com_content&view=article&id=431&Itemid=1034

viðhorfskönnun um kennslu og aðgengi að stjórnendum. Gerð skal grein fyrir rekstri skólans í ársskýrslu.

9. Samstarf við aðra
- Skólinn stefnir að því að vera í samstarfi við grunnskóla sem hann tekur við nemendum frá. Skólinn heldur svo kallað Opið hús þar sem nemendum og forráðamönnum þeirra gefst kostur á að koma í skólann og kynna sér starfsemi skólans. Eins eru nokkrar kynningar nokkra miðvikudaga á vorönn þar sem nemendum í 10. bekk og forráðamönnum þeirra gefst kostur að koma og kynna sér skólann. Einn liður í að efla samstarf við grunnskólanna verður að bjóða skólunum að senda nemendur í keppni í stærðfræði í Menntaskólanum sem verður haldin á vorönn.
 - Á sl. haustönn bauð skólinn námsráðgjöfum grunnskóla á Stór-Reykjavíkursvæðinu í skólann til að kynna skólann og stofna til samstarfs. Er hugur í starfsfólki að halda þessu áfram.

- c) Skólinn verður í samstarfi við aðra framhaldsskóla um að bjóða nemendum að sækja nám hér, t.d. sérhæft nám sem er ekki í boði í viðkomandi skóla.
- d) Samstarfi við háskólastofnanir verði haldið áfram um það hvernig staðið er að námi hér. Þannig hafa háskólakennarar verið fengnir til að aðstoða við prófdæmingu og vera til ráðgjafar um kennsluna. Jafnframt er reglulega gerð könnun á námsgengi nemenda skólans á háskólastigi.

3. Viðfangsefni

Menntaskólinn í Reykjavík stuðlar að markvissri framþróun með útgáfu skólanámskrár, setningu námsbrautalýsinga og ástundun virks innra mats, samkvæmt lögum um framhaldsskóla. Jafnframt birtir hann á aðgengilegan hátt á vef sínum sem mest af mikilvægum upplýsingum um áherslur skólans, einkenni, starf innan hans og árangur af starfi.

a. Skólanámskrá og námsframboð

MR gefur út skólanámskrá í samræmi við 22. og 23. grein laga um framhaldsskóla og almennan hluta aðalnámskrár. Skólanámskráin er sá grunnur sem byggt er á þegar mat er lagt á gæði skólastarfs og árangur af því. Stefna skólans er því sett fram og útfærð í almennum hluta hennar á þann hátt að meta megi hversu vel skólanum tekst að framfylgja henni. Þar er einnig gerð grein fyrir nánari útfærslu á hlutverki skólans sem og stefnu skólans í forvörnum, móttöku erlendra nemenda, námsúrræðum fyrir nemendur með leshömlun og öðrum lögbundnum skyldum. Hinn hluti skólanámskrár fjallar um námsbrautarlýsingar og eru þær háðar staðfestingarferli ráðuneytis. (http://www.mr.is/index.php?option=com_content&view=article&id=99&Itemid=118)

Námsbrautir við Menntaskólann í Reykjavík eru:

- Málabraut
- Náttúrufræðibraut.

Málabrautin er óskipt í 3. og 4. bekk en í 5. og 6. bekk skiptist hún í:

- Fornmáladeild I
- Fornmáladeild II
- Nýmáladeild I
- Nýmáladeild II.

Náttúrufræðibrautin er óskipt í 3. og 4. bekk en í 5. og 6. bekk skiptist hún í:

- Eðlisfræðideild I
- Eðlisfræðideild II
- Náttúrufræðideild I
- Náttúrufræðideild II.

Innleiðing nýrra námsbrauta

Þróunarstarfið gengur út á að aðlaga núverandi námskrá að breyttri námskrá en í aðalatriðum verður byggt á eldri námskrá skólans sem hefur reynst afar vel. Boðið verði upp á nám á málabraut og náttúrufræðibraut með fjórar kjörsviðsdeildir á hvorri braut.

Unnið er í samvinnu og samráði við ráðuneyti og veitir það aðstoð og upplýsingar í þróunarferlinu. MR fer eftir þeim viðmiðum, sniðmátum og reglum sem settar eru við framsetningu námsbrauta. Gert er ráð fyrir að staðfestingarferli ráðuneytis taki til framsetningar og uppbyggingar námsbrautar, staðsetningar á hæfniprep og fjárhagslegs svigrúms til rekstrar námsbrautarinnar.

b. Skólabragur

Skólareglur eru aðgengilegar á heimasíðu skólans (skólinn>>skólareglur) eða http://www.mr.is/index.php?option=com_content&view=article&id=55&Itemid=70.

Sérstök bók, þar sem meðal annars er að finna allar skólareglur, er gefin út á hverju ári og eru nýnemum afhent hún til eignar. Umsjónarkennarar fara síðan ýtarlega í innihald hennar í upphafi skólaárs. Þetta hefur gefist vel og verður haldið áfram með slíka kynningu á skólabrag Menntaskólans í Reykjavík.

Rétt er að benda á hér að 4. reglunni um neyslu matar í skólanum hefur ekki verið hægt að fylgja eftir af festu þar sem húsnæðisvandi skólans nær einnig yfir mótuneytisaðstöðu nemenda og því ljóst að leyfa verður undantekningar á neyslu matar í stofum í hléum.

Fræðsla um einelti og aðgerðir vegna þess er innan Lífsleikninnar sem er skyldunámsgrein í 3. bekk. Námsráðgjafar skólans annast hana. Eineltisáætlun Menntaskólans í Reykjavík er að finna á heimasíðu skólans (nemendur>>þjónusta>>námsráðgjafar).

Unnið er að því að bæta við námskeið í jafnréttisfræðslu innan Lífsleikninnar næsta skólaár.

Öflugt samstarf hefur verið milli skólans og foreldrafélagsins og er stefnt að því að efla það enn frekar. Foreldrafélagið tekur virkan þátt í forvarnarstarfi innan skólans og hafa fulltrúar þess verið til halds og trausts á öllum skemmtunum á vegum skólans og er stefnt að því að halda því samstarfi áfram. Upplýsingar um Foreldrafélag Menntaskólans í Reykjavík er að finna á heimasíðu skólans (nemendur>>foreldrafélag).

c. Innritun og brotthvarf

Reglur um innritun og námsframboð er að finna á heimasíðu skólans (kynning>>innritun og kynning>>námsframboð) eða

http://www.mr.is/index.php?option=com_content&view=article&id=409&Itemid=30.

MR nýtir sameiginlegt innritunarkerfi fyrir framhaldsskólana sem ráðuneyti rekur. Skólinn sér um

að opna fyrir umsóknir og innritar á sameiginlegum innritunartíma tvisvar á ári sem ráðuneyti ákveður en ræður að öðru leyti hvenær hann tekur við umsóknum. Ráðuneyti gefur út nánari viðmiðunarreglur og tímaramma um meðferð umsókna.

Við innritun nýnema, sem lokið hafa námi úr grunnskóla, verður fyrst litið til einkunna á grunnskólaprófi í íslensku, ensku og stærðfræði og auk þess einkunnar í náttúrufræði hjá nemendum sem sækja um náttúrufræðibraut og einkunnar í dönsku (eða öðru Norðurlandamáli) hjá þeim sem sækja um málabraut. Einkunn í stærðfræði á málabraut og ensku á náttúrufræðibraut skal vera að lágmarki 5,0 og í hverri hinna þriggja námsgreinanna skal einkunn vera að lágmarki 6,0. Lágmarkseinkunnir á grunnskólaprófi í einstökum námsgreinum til að geta innritast inn í 3. bekk eru se hér segir:

| Námsgrein | Málabraut | Náttúrufræðibraut |
|--------------------------------|-----------|-------------------|
| Íslenska | 6,0 | 6,0 |
| Enska | 6,0 | 5,0 |
| Stærðfræði | 5,0 | 6,0 |
| Danska (eða Norðurlandamál) | 6,0 | |
| Náttúrufræði | | 6,0 |

Ef umsóknir verða fleiri en unnt verður að samþykka verður umsóknum forgangsraðað með eftirfarandi hætti. Reiknað verður meðaltal einkunna í fyrrnefndum fjórum námsgreinum þar sem tvær einkunnir fá tvöfalt vægi, einkunnir í íslensku og ensku á málabraut og einkunnir í íslensku og stærðfræði á náttúrufræðibraut. Aðrir þættir koma einnig til skoðunar við mat umsóknar, m.a. skólasókn, einkunnir í öðrum námsgreinum og önnur gögn sem umsækjandi leggur fram. Skólinn býður upp á krefjandi bóknám og reynslan hefur sýnt að nemendur, sem eru með lægri einkunn en 7,0 í íslensku, ensku á málabraut eða stærðfræði á náttúrufræðibraut, eru að mati skólans líklegir til að eiga í erfiðleikum með að tileinka sér námið.

Brotthvarf.

Á síðasta skólaári var brottfall 3,47%. Starfsmenn skólans hafa miklar áhyggjur af brottfallinu og hefur ýmislegt verið gert til að aðstoða nemendur sem eru í vanda staddir. Stoðkerfi skólans er öflugt (sjá framar) en meira þarf til. Eftir innritun skólaársins 2012 -2013 var ljóst að í það heila eru rúmlega 100 (af 917) nemendur með ýmis konar greiningu, sem er um 12% nemenda. Reynt er að koma á mótis við alla en bæði húsnæðisvandi og erfið fjárhagsstaða skólans, sem mótast að mestu af kostnaði á hvern nemanda, gerir stafsólki erfitt fyrir að vinna markvisst að því að veita öllum þjónustu. Vilji og áhugi er meðal starfsmanna að vinna betur að þessum málum og er það von starfsmanna skólans að ráðuneytið aðstoði við það.

d. Kennslufyrirkomulag

Menntaskólinn í Reykjavík er bekkjaskóli. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu skólans (>>kynning) eða

http://www.mr.is/index.php?option=com_content&view=article&id=411&Itemid=899.

e. Nemendur með sérþarfir

Rúmlega 100 nemendur af 917 nemendum skólans með greiningu af ýmsu tagi, sem flokkast þannig:

- sértækir námsörðugleikar

- taugasálfræðileg vandkvæði
- stoðkerfisvandamál
- sálræn vandkvæði
- langvarandi skerðing/veikindi

Á haustönn var fenginn fyrirlesari frá FÁ á kennarafund til að kynna hvernig FÁ vinnur með nemendur með greiningu. Eftir fundinn héldu fagfélögin fund hvert fyrir sig til að koma með hugmyndir um aukna aðstoð við þessa nemendur. Sumar hugmyndirnar rúmast innan þess ramma sem skólinn hefur, svo sem lengri próftími um jól og vor og stutt námskeið fyrir nemendur með prókvíða en öll enn frekari úrræði stranda annars vegar á húsnæðisvandana og hins vegar bágrí fjárhagsstöðu skólans. Mikill áhugi er hjá kennurum að geta boðið nemendum upp á fjölbreytilegra kennslufyrirkomulag, svo sem í lotum og fjölbreytilegri próftöku og verkefnaskilum yfir allt skólaárið og má þar t.d. nefna að lesblindir nemendur þurfa að fá að taka fleiri munnleg próf og fá lengri tíma í stórum prófum og verkefnum allt skólaárið - ekki bara á jólaprófum og vorprófum.

Hins vegar hefur verið boðið upp á margs konar stoðkennslu (sjá framar).

Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa fengið góða aðstoð og hefur hún verið vel sótt. Skólinn hefur fengið styrk frá Menntamálaráðuneytinu til að veita þessa aðstoð og er það von okkar að geta haldið þessari þjónustu áfram.

e. Mat og eftirlit með gæðum

Innra og ytra mat

Markmið innra mats og ytra mats er að auka gæði náms og skólastarfs.

Kerfisbundið **innra mat** skóla á árangri og gæðum fer eftir 41. gr. laga um framhaldsskóla, reglugerð á grundvelli 42. gr. laganna og ákvæðum í almennum hluta aðalnámskrár framhaldsskóla. Við matið er gengið út frá markmiðum í skólanámskrá, þau gerð mælanleg eða fundnar áreiðanlegar vísbendingar um að starfið sé í samræmi við markmið.

Matið er umbótamiðað, skýrsla er gerð um þá þætti sem eru metnir hverju sinni og greint opinberlega frá helstu niðurstöðum og umbótum í kjölfarið, þar á meðal í ársskýrslu skólans til ráðuneytis.

Matsskýrsla þarf að geta verið ein af helstu undirstöðum ytra mats og vera aðgengileg ráðuneytinu á rafrænu formi.

Skólinn gerir ráðuneyti grein fyrir **verk- og framkvæmdaáætlun** um innra mat til næstu þriggja ára. Áætlunin greini meðal annars frá sjálfsmatsaðferð skóla og þáttum sem koma til mats á hverju ári. Hún er endurskoðuð árlega og einu ári bætt við þannig að ávallt séu þrjú ár undir. Skólinn kynnir ráðuneyti nýjustu áætlun hverju sinni og er miðað við að hún verði fylgiskjal með samningnum. Hann greinir frá framvindu áætlunarinnar í ársskýrslu og er hún rædd á fundum um skólasamninginn, lögð fram gögn og greint frá dæmum sem útskýra hversu virkt sjálfsmatsferlið er.

Ytra mat ráðuneytis fer eftir 42. gr. laganna og reglugerð sem sett er á grundvelli hennar. Ráðuneyti gefur árlega út áætlun til þriggja næstu ára um ytra mat (úttekt) á framhaldsskólum sem kynnt er á fundi um skólasamninginn. Þegar niðurstaða ytra mats á skólanum liggur fyrir er hún rædd á fundi með fulltrúum hans.

Skýrslur um mat á skólastarfi eru aðgengilegar inn á heimasíðu skólans (Skólinn>>skýrslur og fundagerðir) eða

http://www.mr.is/index.php?option=com_content&view=article&id=523&Itemid=934.

Sjálfmatsskýrsla fyrir 2011-2012 er komin þar inn.

Fjármál, rekstur

Lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins kveða meðal annars á um gerð fjárlagafrumvarps, bókhald og ársreikning og um framkvæmd fjárlaga. Reglugerð nr. 1061/2004 kveður ásamt fleiri reglugerðum á um framkvæmd fjárlaga. Fjárlög eru sett fyrir eitt ár í senn og ber forstöðumönnum að virða fjárheimildir.

Ráðuneyti skilar fjárlagatillögum vegna framhaldsskóla til fjármálaráðuneytis og annast samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar eftir því sem ríkisstjórnin ákveður. Fjármálasvið ráðuneytis annast þessi mál í samvinnu við skrifstofu menntamála. Framhaldsskólar skila upplýsingum vegna fjárlagagerðar til ráðuneytis, meðal annars um nemendatölur og samsetningu nemenda.

Fjárlagatillögur ráðuneytis vegna skóla geta byggst á eftirfarandi, enda þótt hver skóli fái ósundurgreinda fjárveitingu í fjárlögum:

- Reglugerð nr. 335/1999 um reiknilíkan til að reikna út kennslukostnað framhaldsskóla og líkaninu sjálfu sem uppfært er árlega. Frá og með árinu 2010 tekur líkanið ekki til húsaleigu en skólinn hefur farið fram á endurskoðun á því ákvæði þar sem þessi ákvörðun hefur gert skólanum ófært að uppfylla eðlilegan rekstur.
- Leigusamning sem staðfestur er við Fasteignir ríkissjóðs. Óski skóli eftir framlagi vegna annarra leigusamninga þarf að ná niðurstöðu um slíkt við ráðuneytið.
- Sérstökum verkefnum skóla samkvæmt 5. kafla samningsins.
- Skólinn skilar ráðuneytinu áætlunum og upplýsingum í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga og eftir því sem nánar er ákveðið. Hann færir fjárhagsbókhaldið í bókhaldskerfi ríkisins og ber rektor hans ábyrgð á fjárreiðum skólans og að bókhaldið sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

3. Sérstök rekstrarverkefni

Engin

4. Markmið og tímabundin verkefni

Menntaskólinn í Reykjavík hefur undanfarin ár staðið að sérverkefnum. Eitt þeirra nýtur stuðnings Menntamálaráðuneytisins en annað verkefni hefur enn sem komið er ekki fengið neinn stuðning en áætlað er að sækja um styrk fyrir það næsta skólaár.

1) Þróunarverkefni (sem nýtur stuðnings)

Aðstoð við nemendur með annað móðurmál en íslensku

Kennt er einu sinni í viku og nemendum skipt í hópa eftir námsárum og vinna hóparnir saman að verkefnum sem stoðkennari leggur fyrir í upphafi hvers tíma.

Upphæð til þessa verkefnis er kr. 650.000 fyrir skólaárið 2012-2013.

2) Þróunarverkefni (sem ekki er styrkt)

Starfsræksla stærðfræðivers með æfingabúðum í stærðfræði á laugardögum

Nemendum stendur til boða að mæta á laugardagsmorgnum til að glíma við stærðfræðileg verkefni og fá leiðbeiningar um lausnir verkefna ásamt lausnum dæma. Þessi verkefni

tengjast þeirri stærðfræði sem lögð er áhersla á í Olympíuleikum í stærðfræði og þrautalausnum.

3) Aðstoð til að halda úti fornmáladeild

Skólinn hefur alltaf kappkostað að halda úti öflugri málabraut. Nemendum á málabraut býðst m.a. að sækja nám á fornmáladeild þar sem nemendur sækja m.a. nám í latínu, forngrísku, fornfræði, málvísindum, heimspeki og leikhúsfræðum og öðlast þannig menntun í hinum klassísku fornvísindum.

Óskað er eftir því að ráðuneytið styrki skólann til þess að bjóða upp á þessa sérstöðu sem hvergi er annars staðar í boði.

Samningi þessum fylgir viðauki þar sem markmið skólans til næstu ára og einstök markmið skulu sett skipulega fram. Jafnframt skal gerð grein fyrir tímabundnum verkefnum sem er unnið að í þágu einstakra markmiða, enda falla þau innan tímabils samningsins. Viðaukann skal endurskoða og uppfæra árlega, með tilliti til framvindu markmiða og tímabundinna verkefna og aðstæðna skólans.

5. Samskipti

Í samræmi við 44. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum, fara samningsaðilar árlega yfir framkvæmd þessa samnings með áherslu á viðauka sem vísað er til í 5. grein. Ráðuneytið boðar reglulega fundi um samninginn þar sem einnig er farið almennt yfir starfsemi og rekstur Menntaskólans í Reykjavík. Báðir aðilar geta óskað eftir fundum um einstök mál.

Reglubundin upplýsingamiðlun og umfjöllunarefni vegna samskipta:

a. Menntaskólinn í Reykjavík

- birtir skólasamning þennan og viðauka við hann á aðgengilegum stað á vef sínum.
- birtir upplýsingar um innra mat á starfi skólans skv. 3. gr. reglugerðar um innra mat og eftirlit í framhaldsskólum nr. 700/2010 og skilar ráðuneytinu upplýsingum um innra mat á næstliðnu skólaári.
- birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fram fer skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- skilar ráðuneytinu ársskýrslu fyrir liðið ár skv. 7. gr. reglugerðar 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga og birtir hana á vef sínum.
- skilar ráðuneytinu greinagerð um tímabundin verkefni, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytis.
- þróar námsbrautarlýsingar og skráir í miðlægan námskrárgrunn og sækir um staðfestingu ráðuneytis á þeim skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla.
- skilar áætlunum og upplýsingum um fjármál í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga nr. 1061/2004 og eftir því sem nánar er ákveðið.
- skilar ráðuneytinu upplýsingum vegna fjárlagagerðar að ósk þess.
- gætir þess að fjárhagsbókhald skólans sýni rétta fjárhagsstöðu á hverjum tíma.

- gætir þess að rekstrarútgjöld séu í samræmi við samþykktu áætlun í lok hvers tímabils innan ársins og skýri ráðuneytinu tafarlaust frá ástæðum frávika og um viðbrögð við þeim sbr. 12. og 15. gr. reglugerðar nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.

b. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

- yfirfer skýrslur um innra og ytra mat á starfi skólans, ársskýrslur og aðrar upplýsingar sem því berast um skólastarfið.
- birtir á vef sínum skólasamning þennan og viðauka við hann.
- birtir á vef sínum skýrslur um ytra mat á skólanum, m.a. það sem fer fram skv. 4. gr. reglugerðar nr. 700/2010.
- getur birt ársskýrslur skólans á vef sínum sem og aðrar upplýsingar sem erindi eiga við almenning.
- ákveður framhald tímabundinna verkefna og öðlast rétt til notkunar niðurstaðna.
- staðfestir námsbrautir sem uppfylla skilyrði.
- byggir tillögur til fjármálaráðuneytis, um framlag til skólans í fjárlögum, á reiknireglum skv. 43. gr. laga um framhaldsskóla (sem m.a. taka mið af spá um ársnemendafjölda), og umfangi markmiða og sérstakra verkefna. Endurmetur framlag með tilliti til rauntalna.
- annast formleg samskipti við Alþingi vegna fjárlagagerðar.

6. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2016.

Hvor samningsaðili fyrir sig getur hvenær sem er óskað eftir endurskoðun á samningnum í heild eða einstökum köflum hans.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Staður og dagsetning

Mennta- og menningarmálaráðherra

Rektor Menntaskólans í Reykjavík

Fylgiskjal 1: Greinargerð rektors um húsnæðismál

Húsnæði skólans er verulega ábótavant. Mjög þröng aðstaða er fyrir nemendur til að sinna félagslífi sínu og léleg aðstaða til að bjóða nemendum upp á veitingar. Kennslustofur eru margar þröngar og því verður að takmarka hópstærðir verulega vegna húsnæðis. Þótt ýmsir áfangar á síðasta áratug hafi bætt verulega húsnæði skólans er stórátaks enn þörf. Bygginganefnd skólans hefur skilað til ráðherra tillögum að næstu áföngum í byggingamála skólans. Stefnt skal að því að bæta húsnæði skólans þannig að nemendur njóti svipaðrar aðstöðu og þekktist í öðrum skólum og rétt að reikna a.m.k með 7-8 fermetrum á hvern nemanda. Skólinn fékk fyrrum hús KFUM/K til afnota 1991 og var því breytt í kennsluhúsnæði með lágmarkstilkostnaði enda aðeins gert ráð fyrir

bráðabirgðalausn til 5-8 ára. En nú eru liðin 20 ár. Þetta hús er til vansa og er hættulegt að hafa nemendur þar auk þess sem hljóðeinangrun milli stofa er léleg og getur það truflað kennslu. Í þessu húsnæði eru 9 kennslustofur og hýsir það því einn af fjórum árgöngum skólans. Einnig er þar til húsa eldhús og aðstaða fyrir starfsmenn til að bjóða þeim léttan hádegisverð. Vinnueftirlitið gerði verulegar athugasemdir við þessa aðstöðu í síðustu heimsókn sinni, sérstaklega með tilliti til athafnasvæðis matræðs í eldhúsi og benti á að slyshætta væri töluverð. Eina salernisaðstaða í húsinu fyrir kennara er bak við eldhúsið og eina leiðin til að komast þangað er í gegnum eldhúsið.

Þótt nemendum sé boðið upp á léttar veitingar í hádegishléi í þröngum húsakynnum skólans í kjallara Casa Nova er sú aðstaða alls ófullnægjandi enda getur aðeins lítill hluti nemenda nýtt sér hana.

Hvergi er aðstaða til að kalla saman heilan árgang. Hátíðasalurinn tekur í mesta lagi 100 manns í sæti og þá er líka þröngt setið. Þar eru kennara- og starfsmannafundir haldnir. Því þarf að leigja húsnæði utan skólans vegna félagsstarfa og annara fjölmennari viðburða.

Í næsta áfanga þarf að rífa Casa Christi og reisa nýbyggingar, nýtt Casa Christi, sambyggðan samkomu- og íþróttasal og kennsluhús út við Amtmannsstíg. Þessi áfangi krefst vandlegs undirbúnings þar sem útvega þarf bráðabirgðahúsnæði á meðan unnið verður að þeim áfanga. Undirbúningur nýbyggingar hefst ekki seinna en vorið 2013.

Fylgisskjal 2: Skólanámskrá

Lýsing og sérkenni

Menntaskólinn í Reykjavík er elsti skóli landsins og á sér merka sögu. Hann kappkostar að skila nemendum sínum vel undirbúnum út í lífið. Aðalmarkmið skólans er að veita nemendum haldgóða bóklega menntun og gera þá sem hæfasta til þess að stunda nám við háskóla jafnt hér á landi sem erlendis að loknu stúdentsprófi.

Stefnuskrá, markmið og leiðir

Skólinn leitast við að veita nemendum sínum félagslegt uppeldi og stuðla að alhliða þroska þeirra svo að þeir séu sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðislegu samfélagi.

Með markvissri kennslu, miklum en raunsæjum kröfum og öguðum vinnubrögðum leitast skólinn við að efla gagnrýna hugsun og frumkvæði ásamt ábyrgðarkennd, umburðarlyndi og víðsýni. Skólinn leitast við að efla sjálfstraust nemendanna með því að gera þeim ljóst sambandið milli árangurs og erfiðis og í náminu eru þjálfuð jafnt sjálfstæð vinnubrögð sem samvinna.

Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig mikið kapp á að kynna nemendum sínum menningarleg verðmæti á sviði bókmennta og lista, innlendra jafnt sem erlendra, og leitast við að gera þeim kleift að taka virkan þátt í margvíslegu menningarstarfi.

Með fræðslu sinni, kröfum og handleiðslu vill skólinn efla þekkingarleit nemenda og gera þá virka og áhugasama um áframhaldandi menntun og símenntun, um leið og hann leitast við að efla heilbrigða dómgreind og verðmætamat nemenda sinna. Menntaskólinn í Reykjavík leggur einnig áherslu á að nemendur nýti sér þá miklu möguleika sem nýjasta tækni á tölvusviðinu býður upp á, svo sem gagnabanka, nettengingar, samstarf o.fl.

Skólinn mun einnig á markvissan hátt leitast við að gera nemendur sína vel búna undir virka þátttöku í þjóðfélaginu og efla ábyrgðarkennd þeirra gagnvart einstaklingum, fjölskyldu og samfélagi; sömuleiðis að kynna fyrir þeim kröfur daglegs lífs og vinnumarkaðarins, atvinnuhætti, samfélagsskipan svo og fjármálaskyldur, einstaklingsskyldur og réttindi.

Í fjölbreyttu félagsstarfi styður skólinn við alhliða félagsþroska nemendanna. Þar fá þeir tækifæri til þess að bera margvíslega ábyrgð, taka sjálfstæðar ákvarðanir, vinna saman, sýna umburðarlyndi og skilning og láta skoðanir sínar í ljósi. Í fjölbreyttu félagsstarfi fá nemendur tækifæri til þess að uppgötva, þroska, efla og nýta ótal hæfileika.

Fylgisskja 3: Ársskýrsla 2011

Athugasemd.: Ársskýrsla 2012 er í vinnslu og verður send til Menntamálaráðuneytisins þegar hún er tilbúin.



Menntaskólinn í Reykjavík

ÁRSSKÝRSLA 2011

Í þessari skýrslu er fjallað um hvernig staðið hefur verið að því að uppfylla samning milli Menntaskólans í Reykjavík og Menntamálaráðuneytisins fyrir árið 2011.

Skipulag og markmið

Á haustmisseri 2002 var stjórnkerfi skólans breytt á grundvelli nýrrar reglugerðar um starfslið og skipulag framhaldsskóla. Í maí 2007 var gerður stofnanasamningur við kennara og í honum koma fram breytingar á skipulagi verkefnastjórnar og fagstjórnar. Í lok vormisseris 2010 voru auglýstar stöður fagstjóra og verkefnastjóra til eins árs. Af framlagi til verkefnisstjórnar var lögð í sérstakan sjóð ákveðin upphæð, 750 tímar, en framlag til sjóðsins hafði verið skert um fjórðung. Þessi sjóður er hugsaður sem aukaálag vegna mikillar heimavinnu kennara. Á miðju ári 2011 var hagrætt verulega fyrir skólaárið 2011-2012 með því að leggja niður og fækka störfum í verkefnastjórnarþætti skólans og heimavinnupotturinn var skertur um helming niður í 500 tíma. Einnig var helmingað álagsþrep umsjónarkennara í 5. og 6. bekk.

Yfirstjórn skólans mynda

Rektor

Konrektor (90% starfshlutfall)

Kennslustjóri (50% starfshlutfall, hefur sambærilega starfslýsingu og áfangastjóri í áfangaskólum)

Eftirfarandi verkefnastjórar voru ráðnir til árs:

Prófstjóri

Gæðastjóri

Umsjónarmaður kennslukerfis

Vefstjóri með umsjón með gerð nýrrar heimasíðu skólans

Einnig var ráðið í önnur störf til eins árs:

Félagsmálafulltrúi

Forvarnafulltrúi

Ráðið var í fullt starf kerfisstjóra frá 1.8.2003 vegna aukinna umsvifa tölvunotkunar í skólanum. Rúnar Sigfússon, sem gegndi því starfi, féll frá í október 2010 en ekki hefur verið

ráðið í starf hans. Á árinu 2011 var ráðist í að endurskoða allt netkerfi skólans, endurnýja þráðlausa senda og hætta að nota Windows stýrikerfi á tölvum skólans en innleiða í stað þess opinn hugbúnað.

Leitað var til Björns Swift fyrrverandi nemanda skólans sem hefur verið sérfræðingur og ráðgjafi skólans í tölvumálum. Hann fékk til liðs við sig Björgvin Ragnarsson og Harald H. Gunnarsson sem tóku að sér að bylta tölvukerfi skólans í Linux stýrikerfi og taka upp Libre Office sem aðalnotendaforrit skólans. Einnig þurfti að taka upp nýja gerð af opnum hugbúnaði í mörg sérhæfð verk, einkum við stýringar á mælitækjum í verklegum kennslustofum. Í stað þess að ráða nýjan kerfisstjóra var samið við Opin kerfi og var Bjarni R. Einarsson fulltrúi þeirra í verkefninu um að taka að sér hluta þjónustu við starfsmenn skólans. Afar vel var staðið að þessari innleiðingu undir traustri stjórn Björns Swift og var starfsfólkið upplýst vorið 2011 um fyrirhugaðar breytingar og þeim boðið á námskeið þar sem nýtt viðmót og nýr hugbúnaður var kynntur fyrir upphaf skólaárs í ágúst. Björn Swift sá um þessi námskeið en fékk til liðs við sig Tryggva Björgvinsson fulltrúa frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Sótt var til menntamálaráðuneytis um stuðning við þetta mikla verkefni en aldrei barst svar. Innleitt var nýtt deildarstjórákerfi í stofnanasamningi. Deildarstjórar eru þrír, einn valinn úr hópi kennara málabrautar og annar valinn úr hópi kennara náttúrufræðibrautar. (Ráðningartíma deildarstjóra rann út á miðju ári 2010 og ráðning þeirra hefur ekki verið endurnýjuð). Í námsgreinum þar sem eru tveir eða fleiri kennarar er kennara falin fagstjórn til eins árs.

Með þessu kerfi var gert ráð fyrir að deildarstjórar skipi nokkurs konar deildarráð sem fundar með stjórnendum skólans, rektor, konrektor og kennslustjóra um stjórnun og stefnumótun skólans.

Skólasamningur – markmiðsáherslur skólans

Í 2. kafla í skólasamningi 2010-2012 er lýst markmiðum skólans við upphaf samningstímans. Hér verður lýst hvernig hefur þokast að uppfylla þau markmið.

- e) Fasteignir ríkissjóðs tóku við viðhaldi MR 1. september 2011.
- f) Von var á námsgengiskönnun HÍ til að kanna m.a. námsgengi Mringa. Könnun er lokið en niðurstöður hafa ekki verið birtar. Gögn frá HÍ vorið 2011 staðfesta hins vegar að mikill meirihluti nemenda skólans hefur haldið áfram námi á háskólastigi. Í þeim gögnum kemur t.d. fram að af 181 stúdent frá skólanum vorið 2009 hafa 71,3% skráð sig í nám við HÍ.
- g) Stoðþjónusta skólans er öflug.
- a) Mötuneyti býður nemendum hollustuvörur og kappkostað er að hafa þær á sanngjörnu verði.
- b) Markvisst er reynt að fylgjast með því að nemendur fái lausn á sínum erindum á skrifstofu skólans.
- c) Skv. viðtölum við hjúkrunarfræðing er staðfest að fjölgun hefur orðið á heimsóknartímum nemenda bæði með geðræn og líkamleg vandamál auk vandamála sem eru afleiðing af fjárhagskreppu á heimilum nemenda.
- d) Reglulegu eru umsjónarkennarar hvattir til að hafa fundi með umsjónarnemendum og oft funda umsjónarkennarar með kennurum í hverjum umsjónarþekki.
- e) Nemendaráðgjafar hafa haft forgöngu um að bjóða nemendum í 4. þekki upp á stoðtíma í

latínu og nemendum í 3. og 4. bekk upp á stoðtíma í efnafræði og stærðfræði.

f) Nemendum með dyslexíu eða aðra lestrarörðugleika var boðið upp á námskeið í stafsetningu bæði á vor- og haustmisseri 2011.

g) Nemendur með erlent ríkisfang eða langra dvöl erlendis að baki var boðið upp á bæði á vor- og haustmisseri á sækja sérstaka stoðtíma þar sem þeir fengu aðstoð í íslensku og í námsgreinum þar sem reynir mikið á íslenskukunnáttu, m.a. jarðfræði, sögu og líffræði.

h-i) Skv. skýrslum frá starfsfólki við námsráðgjöf og bókasafni kemur fram að heimsóknum hefur fjölgað mikið. Sérstaklega hefur nemendum með erfið mál fjölgað hjá námsráðgjöfum, m.a. vegna erfiðra fjölskylduaðstæðna og erfiðleika, einkum af sálrænum toga. En viðhorfskönnun er í undirbúningi til að kanna viðhorf nemenda til margra ofangreindra þátta.

h) a) Nemendum sem hafa áhuga á þrautalausnum hefur verið boðið að mæta í sérstaka þjálfunartíma á laugardögum og hafa þeir verið afar vel sóttir. Góð frammistaða í framhaldsskólakeppni í stærðfræði staðfestir góðan árangur af þessari þjónustu.

b) Kórstarf hefur verið mjög virkt í vetur og að jafnaði hafa 80-90 sótt kóræfingar sem hafa verið tvo eftirmiðdaga í viku auk sérstakra æfingabúða um nokkrar helgar.

c) Reynt hefur verið að bjóða nemendum að taka þátt í erlendu samstarfi. Tekið var á mótí nokkrum erlendum hópum í skólaheimsóknir í vetur. Einn nemendahópur fór með þýskukennurum í skólaheimsókn til Þýskalands, kór skólans tók þátt í kóramóti í Eistlandi og starfsmenn skólans fóru í skólaheimsókn til framhaldsskóla í Potsdam í Berlín.

i) a) Unnið var að undirbúningi nýrrar skólanámskrár, en þessu verkefni er lýst í sérstakri skýrslu. Sótt hefur verið um styrk úr Sprotasjóði til að halda þessu verkefni áfram á þessu og næsta skólaári.

b) Enn er ekki í augnsýn að bætt verði úr brýnum húsnæðisvanda skólans. Það hefur verið rætt um það innan skólans að undirbúa starfsbraut fyrir fatlaða nemendur einkum í samstarfi við námsráðgjafa. Hugmyndir að framhaldsskóla-prófi að loknum fyrstu tveimur árum skólans hafa verið kynntar á skólafundum.

j) Inntökuskilyrði hafa verið kynnt á heimasíðu skólans og eru lágmarksskilyrði óbreytt frá fyrra ári en gert er ráð fyrir að forgangur hverfisskóla falli nður en eftir sem áður verður sérstakt tillit tekið til umsækjanda um lögheimili í næsta nágrenni skólans eins og áður var gert.

k) Félagslíf nemenda er öflugt og heilbriggt. Gott samstarf er við foreldrafélag skólans og nemendafélögin. Um þessar mundir er verið að kanna viðhorf foreldra til skólans eins og gert var í fyrra en gerð er grein fyrir henni í sjálfsmatsskýrslu skólans.

l) Markvisst er unnið að því að draga úr brottfalli eins og betur er gert grein fyrir á næstu síðu. Haustið 2010 hófu 876 nemendur nám og vorið 2011 skiluðu 863 sér í próf eða 98,5% nemenda sem höfðu hafið nám á því skólaári. Haustið 2011 hófu 984 nemendur nám og í jólapróf skiluðu sér 885 nemendur eða 99% nemenda en stefnt var að því að 95% skiluðu sér í próf.

m) Langflestir kennarar skólans eru með a.m.k. fyrstu háskólagráðu í sínu fagi og kennsluréttindi. 3 leiðbeinendur hafa ekki lokið 1. háskólagráðu og einn leiðbeinandi var með undanþágu frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til kennslu, þ.e. án kennsluréttinda en með fyrstu háskólagráðu. Fimm leiðbeinendur

eru án kennsluréttinda og sömuleiðis þrjú stundakennarar. 45 kennarar eða 61% þeirra eru með meistarapróf eða doktorspróf.

n) Skólinn er vel rekinn en vegna mikils niðurskurðar er vandséð hvernig unnt er að reka skólann innan fjárheimilda án þess að til komi að skerða námskrá. Sjá nánar í skýrslu um rekstraráætlun skólans fyrir árið 2012.

o) a) Skólinn er í samstarfi við nokkra grunnskóla m.a. með því að bjóða nemendum þeirra í 8.-10. bekk að sækja grunnskólakeppni í stærðfræði. Eins og minnst er á annars staðar í skýrslunni mættu í fyrra 285 nemendur frá 17 grunnskólum.

b-c) Samstarf hefur verið við háskóladeildir um skipulag náms og áherslur einstakra námsbrauta.

Jafnréttisáætlun

Endurskoðuð jafnréttisáætlun var send jafnréttisstofu í haust og gerði hún athugasemdir við áætlunina og verður endurskoðuð áætlun send í apríl.

Skólanámskrá

Námskráin er aðgengileg og öllum opin á Netinu. Námskráin í heild verður í stöðugri endurskoðun eftir því sem reynsla kemst á hana og nýjungar koma fram.

Sjálfsmat

Á skólaárinu 2001-2002 var ráðinn gæðastjóri úr hópi kennara sem stýrði þriggja manna gæðanefnd til að hafa umsjón með sjálfsmati og skipuleggja sjálfsmatsaðferðir skólans. Ráðinn var sérstakur ráðgjafi hópsins, Sigurlína Davíðsdóttir. Eins og fram kemur í ársskýrslu 2001 var gerður samningur við Kvennaskólann um afnot af vefkerfi sem hann hafði þróað. Á vormisseri 2011 var unnið að viðhorfskönnun nemenda og tóku kennarar þátt í samningu spurninga sem lagðar voru fyrir nemendur. Könnunin fór fram í apríl og var lögð fyrir alla nemendur skólans á vef Námsnets. Birtar voru heildarniðurstöður allra, en þar eru niðurstöður við almennum spurningum um skólann og athugasemdir nemenda um kosti skólans og atriði sem betur mættu fara að þeirra mati. Síðan var hverjum kennara sent bréf þar sem könnunin var útskýrð ásamt niðurstöðum hvers kennara en aðrir fengu ekki að sjá þær niðurstöður.

Í samræmi við skólasamning hefur verið útbúin sjálfsmatskýrsla og sjálfsmatsáætlun sem er birt á heimasíðu skólans.

Áfram er unnið í samstarfi við Sigurlínu Davíðsdóttur lektor við Háskóla Íslands og Penelope L. Lisi prófessor við Central Connecticut State University frá Bandaríkjunum um starfendarannsóknir sem hluta af gæðastarfi skólans. Nokkur verkefni voru í gangi hjá kennurum skólans, einn hópur í íslensku, annar í líffræði og sá þriðji í stærðfræði.

Brottfall

Í vor gengu alls 863 nemendur undir próf, en 47 nemendur stóðust ekki próf eða 5,4%. Tilsvarandi tölur árið áður voru 44 nemendur sem stóðust ekki próf eða 4,9% af 891. Ef gengið er út frá nemendatölum undanfarinna ára er brottfallið sem hér segir:

| Haust | Innritun | Fjöldi í vorpróf | Fall á prófum | % | Brottfall | % |
|--------------|-----------------|-------------------------|----------------------|----------|------------------|----------|
|--------------|-----------------|-------------------------|----------------------|----------|------------------|----------|

| | | | | | | |
|------|-----|------------------|----|-------|---------|-------|
| 1999 | 830 | 773 | 61 | 7,9% | 118(57) | 14,2% |
| 2000 | 749 | 727 | 80 | 11,0% | 102(22) | 13,6% |
| 2001 | 747 | 712 | 62 | 8,7% | 97(35) | 13,0% |
| 2002 | 779 | 757 | 88 | 11,6% | 110(22) | 14,1% |
| 2003 | 814 | 785 | 47 | 6,0% | 76(29) | 9,3% |
| 2004 | 840 | 826 | 53 | 6,4% | 67(14) | 8,0% |
| 2005 | 850 | 825 | 23 | 2,8% | 48(25) | 5,6% |
| 2006 | 865 | 852 | 65 | 7,6% | 78(13) | 9,0% |
| 2007 | 877 | 861 | 45 | 5,2% | 61(16) | 7,0% |
| 2008 | 853 | 845 | 41 | 4,9% | 49(8) | 5,7% |
| 2009 | 908 | 891 | 44 | 4,9% | 58(14) | 6,4% |
| 2010 | 876 | 863 | 47 | 5,4% | 60(13) | 6,8% |
| 2011 | 894 | (885 í jólapróf) | | | | |

Ef brottfallið er hins vegar aðeins miðað við þá sem hverfa frá námi hefur brottfall verið afar lítið frá haustmisseri 2004, fór lægst í ekkert á haustmisseri 2006 og hæst í 1% á haustmisseri 2010 og haustmisseri 2011 en hefur að meðaltali verið um 0,5% á hverju misseri 2004-2011.

Um 47% nemenda, sem féllu, skráðu sig aftur til náms eða 22 af 47. Innritaðir nemendur í skólann um haustið 2011 voru 894 og skiluðu sér allir til náms. Til samanburðar má geta þess að 55% nemenda sem féllu vorið 2010 skráðu sig aftur til náms eða 24 af 44. Nemendatalan hefur lítið breyst, níu nemendur hættu á haustmisseri og 885 mættu í jólapróf. Nokkrir til viðbótar hættu um áramót og 868 nemendur héldu áfram námi eftir áramót.

Skólinn leitar leiða til að vinna gegn brottfalli með námsráðgjöf og umsjón með námshópum. Á undanförunum árum hefur verið gert sérstakt átak í að greina nemendur með lestrarörðugleika. Er brýnt að finna farveg til að beina nemendum í ef grunur er um lestrarörðugleika. Full þörf er á samstarfi milli skóla og Menntamálaráðuneytisins um faglegt mat á erfiðleikum þeirra og hvernig megi aðstoða þá. Þessum nemendum hefur verið boðið upp á sérstakt námskeið í stafsetningu og 30 mín. lengri próftíma á prófatíma. Skólinn fékk styrk til að aðstoða nemendur sem eru með erlent ríkisfang eða hafa dvalist um langan tíma erlendis. Þeim nemendum stendur til boða vikulegir stoðtímar þar sem þeir fá aðstoð í náminu. Jafnframt býðst þeim að sækja námskeið í stafsetningu. Lögð hefur verið áhersla á aukið samstarf við forráðamenn nýnema. Eftt er til sérstaks kynningarkvölds á haustin í Ráðhúsinu og forráðamönnum síðan boðið til fundar með umsjónarkennurum þar sem skólastarfið er kynnt og öllum boðið að skoða húsnaði og aðbúnað skólans. Að loknum jólaprófum var forráðamönnum ósjálfráða nemenda sent bréf þar sem kynntar voru reglur um einkunnir og skólasókn. Einnig fengu forráðamenn afrit af viðveruyfirliti haustmisseris og jólaprófsskírteini nemandans. Á vormisseri var efnt til námskeiða í stafsetningu fyrir nemendur sem ekki stóðust próf í íslenskum stíl og þeim boðið að þreyta próf aftur í stafsetningu að námskeiði loknu. Nú í haust er öllum nemendum á fyrstu tveimur árum boðið í stoðtíma í stærðfræði og latínu fyrir nemendur á öðru ári einu sinni í viku endurgjaldslaut en

nemendur í efstu bekkjum skólans sjá um þessa kennslu á vegum jafningjafulltrúa nemendaráðgjafar sem er starfrækt á vegum námsráðgjafa.

Skólafyrirvöld veita utanskólanemendum og óreglulegum nemendum mikið aðhald. Skýr ákvæði eru í skólareglum um slíkt nám. Gerður var sérstakur samningur við hvern nemanda sem sótti um að stunda nám utan skóla eða sem óreglulegur nemandi. Í þeim samningi eru talin upp ákvæði og skilyrði fyrir slíku námi. Þar er að finna ákvæði um lágmarksviðveruhlutfall í verklegu námi og símatsáföngum. Jafnframt var skilyrt að nemendur yrðu að standast jólapróf til að samningur héldi til vors. Reynslan af þessu lofar góðu en í haust var gerður samningur við 9 nemendur um utanskólavist sem er sami fjöldi og árið áður. 6 utanskólanemendur stóðust jólapróf.

Forvarnastarf

Skólinn eflir forvarnastarf og leitar leiða til að stemma stigu við því að nemendur neyti hvers konar vímuefna m.a. með þroskandi félagsstarfi. Úr hópi kennara var ráðinn einn kennari sem forvarnafulltrúi og einn sem félagsmálafulltrúi. Forvarnafulltrúinn hefur haft yfirumsjón með lífsleikni sem kemur töluvert inn á þetta svið. Forvarnafulltrúi er á öllum dansleikjum skólans. Hann ræðir persónulega við þá nemendur sem lenda í erfiðleikum vegna neyslu vímuefna. Þeir eru sem betur fer fáir. Forvarnafulltrúi hefur viðtalstíma einu sinni í viku.

Til að aðstoða nemendur betur með útgáfumál sín var einum kennara falið að sjá um þau mál. Vegna sparnaðar í rekstri skólans var þetta starf hins vegar lagt niður í upphafi skólaárs 2009-10 en forvarnafulltrúi og íslenskukennarar hafa fylgst með þessum málum.

Í lífleikni er fyrst á haustin lögð áhersla á að gera nemendur hagvana í skólanum og þeim kennt sitthvað er stuðlar að vellíðan þeirra í lífi og starfi, fjallað um prófkvíða, námstækni ofl. Þá taka við viðfangsefni af ýmsu tagi sem koma æ meir inn á persónulegt líf hvers og eins eftir því sem náminu vindur fram. Unnið er verkefni um dygðir þar sem nemendur taka þátt í heimspekilegum rökræðum í hópum um ýmsar mannlegar dyggðir svo sem umbyrðarlyndi, hófsemi o.fl. Nemendum er kennd ræðumennska og þeir þjálfaðir í henni bæði undirbúið og óundirbúið. Verkefni eru unnin til eflingar vináttu og góðs bekkjaranda og lausnir erfiðra vandamála þar sem kennd var ákveðin viðtalstækni. Því miður er ekki enn búið að taka Skólaselið í Hveragerði í notkun en stefnt er að því að ein lota í lífsleikni fari þar fram og verði fjallað um viðfangsefnið **Maður og náttúra**. Aðfengnir fyrirlestrar með myndefni eru fastir liðir. Á liðnu ári voru þeir eftirfarandi:

Kynlíf, ábyrgð, áhætta - Læknanemar.

Umferðamenning - Vátryggingafélag Íslands.

Um áföll og sorg – Dómkirkjan í Reykjavík.

Göngum til góðs - Rauði kross Íslands.

Fjármálalæsi – aðfenginn fyrirlesari.

Fyrir sex árum var gerð tilraun í samstarfi við Heilsugæsluna í Reykjavík um að ráða hjúkrunarfræðing í hlutastarfi til að efla þjónustu við nemendur sem eiga við vandamál að stríða eins og átröskun, offitu og þunglyndi. Sótt var um styrk til heilbrigðisráðuneytis til þessa tilraunaverkefnis. Íris Björg Jónsdóttir var ráðin til verksins og reyndist afar dugmikil og það er mikið henni að þakka að þessi tilraun tókst mjög vel og sýnir að full þörf er á að hafa hjúkrunarfræðing við skólann og er þessu samstarfi haldið áfram. Í ljósi niðurskurðar á þessum lið hjá heilbrigðisráðuneytinu var Íris ráðin að hluta sem starfsmaður skólans í 25%

starfshlutfall.

Skólasóknarreglur voru endurskoðaðar fyrir fimm árum. Tekið er fullt tillit til allra veikindaforfalla en um leið var tekinn upp nýr einkunnakvarði til ákvörðunar skólasóknareinkunnar. Forráðamenn staðfesta forföll nemenda undir 18 ára aldri en eldri nemendur verða að skila læknisvottorði. Vegna svínaflensunnar var útbúin viðbragðsáætlun að ósk menntamálaráðuneytis og vegna anna á vegum heilsugæslustöðva sem hlaust af veikindum vegna flensunnar var ekki krafist læknisvottorðs nemenda 18 ára og eldri en látið nægja að foreldrar staðfestu veikindi barna sinna.

Dreifnám og upplýsingatækni

Starfsmenn eru almennt mjög áhugasamir um endurmenntun. Á fyrri hluta árs voru tveir kennarar í launuðu orlofi og núverandi skólaár eru aftur tveir í launuðu orlofi. Fyrir þremur árum var gerður samningur við Háskólann í Reykjavík um þróun kennslukerfis sem er í notkun þetta skólaár. Kennarar hafa tekið vel í að nota þetta kerfi og eru nokkur þróunarverkefni í vinnslu.

Alþjóðasamskipti

Nokkuð mikil alþjóðasamskipti voru í skólanum á árinu. Í vorhléi fóru þýskukennarar í skólaferð með 25 nemendur til Berlínar en umsjón með verkefninu höfðu Kristjana Björg Sveinsdóttir og Izabela K. Harðarson. Í páskaleyfi tók skólakór Menntaskólans þátt í kóramóti í Eistlandi og hafði Guðlaugur Viktorsson umsjón með ferðinni. Í dymbilviku fóru kennarar MR í skólaheimsókn til framhaldsskóla í Potsdam til að kynna sér starfið í tveimur framhaldsskólum þar. Jafnframt var tækifærið notað til að skoða Berlín. Ferðin tókst í alla staði afar vel.

Þátttaka í Comeniusverkefninu um erlenda leiðbeinendur í tungumálakennslu

Einn aðstoðarkennari í frönsku starfaði við skólann á vormisseri og annar í spænsku á haustmisseri en þessi þáttur skólastarfsins hefur aukist á síðustu árum og nýtist skólanum og nemendum hans mjög vel.

Samstarf við grunnskóla

Á undanförunum árum hefur samstarf milli skólans og nokkurra grunnskóla í hverfinu verið eflt. Á árinu 2002 hófst samstarf við Hagaskóla og Valhúsaskóla en árið eftir bættust Austurbæjarskóli, Hlíðaskóli og Landakotsskóli við. Ákveðið var að halda stærðfræðikeppni fyrir grunnskólanemendur með því markmiði að efla áhuga nemenda í grunnskóla á stærðfræði og auka samstarf við grunnskóla. Keppnin var fyrstu árin haldin í samstarfi við Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Að þessu sinni bættust við nemendur frá fleiri grunnskólum. Arionbanki var fjárhagslegur stuðningsaðili keppinnar með því að gefa verðlaunaféð. Stærðfræðikeppnin var haldin 16. mars í þremur stigum, keppni fyrir 8. bekk, 9. bekk og 10. bekk. Til leiks komu 14 nemendur úr Austurbæjarskóla, 8 úr Álfamýrarskóla, 23 úr Árbæjarskóla, 10 úr Foldaskóla, 62 úr Hagaskóla, 14 úr Háteigsskóla, 12 úr Hlíðaskóla, 2 úr Hólabrekkuskóla, 1 úr Hraunvallaskóla, 12 úr Húsaskóla, 4 úr Hvassaleitiskóla, 20 úr Kársnesskóla, 21 úr Landakotsskóla, 3 úr Langholtsskóla, 1 úr Sjúalandsskóla, 64 úr Valhúsaskóla, 1 úr Vesturbæjarskóla og 13 úr Vogaskóla eða alls 285 nemendur. Til gamans má geta þess að keppendur voru 67 fyrsta

árið sem keppnin var haldin hér og 2010 var meðþátta en þá mættu til leiks 289 nemendur. Með þátttöku í stærðfræðikeppninni í fyrra var slegið met því aldrei áður hafa þeir komið frá jafnmörgum skólum en þetta árið komu þeir frá 18 skólum. Keppnin er orðin vinsæl í skólunum. 10 efstu á hverju stigi ásamt fjölskyldum þeirra var boðið til kaffisamsætis og verðlaunaafhendingar á Hátíðasal þar sem þeir fengu viðurkenningarskjál frá skólanum og þrír efstu á hverju stigi fengu verðlaun frá Arionbanka sem hér segir:

1. verðlaun kr. 20.000,-
2. verðlaun kr. 15.000,-
3. verðlaun kr. 10.000,-

Skólakór Menntaskólans söng við athöfnina og sá um kaffiveitingar. Að athöfn lokinni var gestum boðið að skoða skólann.

Starfslið

Í vetur starfa 80 kennarar við skólann en þetta er svipaður fjöldi og á síðasta skólaári.

Nokkrar breytingar á kennaraliði verða þetta skólaár en 12 kennarar héldu ekki áfram starfi sínu og 6 nýir kennarar bættust við kennaralið skólans en nokkrir komu úr leyfum. Guðmundur J. Guðmundsson, Davíð Þorsteinsson og Linda Rós Michaelsdóttir komu úr námsleyfir og Sigrún Benedíks og Steinunn María Stefánsdóttir úr fæðingarorlofi. Eftirtaldir kennarar voru einnig í leyfi á þessu skólaári: Elfa Ásdís Ólafsdóttir, Kristjana Björg Sveinsdóttir og Sólveig Krista Einarsdóttir í fæðingarorlofi, Þórunn Björk Sigurbjörnsdóttir í launalausú leyfi og Eydís Ýr Guðmundsdóttir í námorlofi.

Fagstjórar eru ráðnir í námsgreinum þar sem eru fleiri en einn kennari. Skólaárið 2011-12 eru eftirfarandi fagstjórar:

Árni Indriðason í sögu,
Einar Guðfinnsson í stærðfræði í 3. og 4. bekk,
Hildur Árnadóttir í spænsku,
Izabela Harðarson í þýsku,
Kolbrún Elfa Sigurðardóttir í latínu,
Lára Sveinsdóttir í íþróttum,
Magdalena Ólafsdóttir í dönsku,
María Björk Kristjánsdóttir í íslensku og lífsleikni,
Marta Konráðsdóttir í líffræði,
Ólöf Erna Leifsdóttir í jarðfræði,
Ragnheiður Guðmundsdóttir í eðlisfræði,
Sigríður Hlíðar í stærðfræði í 5. og 6. bekk,
Sigurbjörg Gylfadóttir í frönsku,
Sigurður Páll Guðbjartsson í ensku og
Skarphéðinn Óskarsson í efnafræði.

Verkefnastjórar þetta skólaár eru eftirtaldir:

Anna Kristín Jeppesen umsjón með undirbúningi að nýrri heimasíðu skólans,
Guðbjartur Kristófersson umsjónarmaður kennslukerfis,
Lára Sveinsdóttir félagsmálafulltrúi,
María Björk Kristjánsdóttir forvarnafulltrúi og

Trausti Þorgeirsson prófstjóri.

Áætlaður nemendafjöldi á samningstíma

Opið hús fyrir forráðamenn 10. bekkinga var í vor í tíunda sinn og tókst það mjög vel. Það komu um tvö hundruð gestir. Það voru margir sem lýstu yfir mikilli ánægju með þetta framtak. Nemendur tóku virkan þátt í þessari kynningu. Samkeppni milli skóla um nemendur hefur aukist undanfarin ár. Nú voru breyttar innritunarreglur og kannski erfitt að bera saman aðsókn við fyrri ár. Að þessu sinni völdu nemendur tvo skóla og bárust um 450 umsóknir, þar af 248 með MR sem 1. val. Því miður virðist enginn grundvöllur lengur fyrir að bjóða 9. bekkungum að setjast í skólann. 248 nemendur úr 10. bekk sóttu um skólavist með MR sem 1. val en þetta er 17 umsóknum færra en í fyrra og 87 umsóknum færra en í hittifyrra. Að þessu sinni var lagt að jöfnu við afgreiðslu umsókna hvort nemendur veldu skóla sem 1. eða 2. val. Meira að segja var ekki gefið upp í innritunarferlinu hvort nemendur hefðu valið skólann sem 1. eða 2. val. 247 nýnemum var veitt skólavist. Nemendur voru teknir inn á svipuðum forsendum og árið áður þar sem skólunum var gert skylt að taka inn a.m.k. 40% nýnema úr hópi nemenda sem luku grunnskóla úr svokölluðum hverfissskólum, en hverfissskólar MR voru Austurbæjarskóli, Hagaskóla, Valhúsaskóli, Landakotsskóli og Tjarnarskóli. Reiknað var meðaltal skólaeinkunna í íslensku, ensku, stærðfræði og dönsku inn á málabraut en náttúrufræði í stað dönsku inn á náttúrufræðibraut þar sem einkunnir í íslensku og ensku fengu tvöfalt vægi inn á málabraut en íslenska og stærðfræði inn á náttúrufræðibraut. Nú var unnið sameiginlega úr umsóknum um alla framhaldsskóla eftir að skólar höfðu forgangsraðað nemendum sem höfðu valið skólann sem 1. eða 2. val og stóðustu inntökuskilyrði skólans. Nú bárust færri umsóknir úr hverfissskólum en áður og allir nemendur úr hverfissskólum sem stóðust inntökuskilyrði fengu skólavist. Hlutfall nemenda úr hverfissskólum reyndist vera 27%. Lægsta meðaltal hverfissskólanemenda var 6,17 á náttúrufræðibraut og 7,67 á málabraut. Lægsta meðaltal annarra var 7,85 inn á málabraut og 8,17 inn á náttúrufræðibraut. Fyrir tveimur árum var miðað við meðaltalið 8,0 úr hverfissskólum en með 8,8 eða hærra úr öðrum skólum. Að þessu sinni var innritað einum bekk meira en árið áður. Nemendahópurinn í heild er allsterkur en óraunhæft er að bera saman meðaltöl milli ára þar sem nú er ekki lengur stuðst við einkunnir úr samræmdum prófum. Viðbúið er að einhver verðbólga sé í einkunnum eins og var í fyrra en nú var meðaltal allra nýnema teknir inn á málabraut 8,6 og 9,1 inn á náttúrufræðibraut. En til samanburðar var þetta meðaltal fyrir tveimur árum inn á málabraut 8,8 og 9,1 inn á náttúrufræðibraut.

Í upphafi nýs skólaárs er nemendafjöldinn þessi:

Í 6. bekk eru 175 nemendur í 8 bekkjardeildum.

Í 5. bekk eru 253 nemendur í 10 bekkjardeildum.

Í 4. bekk eru 214 nemendur í 9 bekkjardeildum.

Í 3. bekk eru 252 nemendur í 10 bekkjardeildum, þar af tveir bekkir á málabraut. Alls voru í skólanum í haust 894 nemendur í 37 bekkjardeildum. Árið áður voru innritaðir nemendur 876.

Efnt var til sérstaks kynningarkvölds í haust í Ráðhúsinu og forráðamönnum síðan boðið til fundar með umsjónarkennurum þar sem skólastarfið var kynnt og öllum boðið að skoða húsnaði og aðbúnað skólans. Aðsókn var mjög góð eða svipuð og hefur verið

undanfarin ár og nú í september komu tæplega 500 manns.

Fjöldi nemenda í skólanum í haust var 894. Innritaðir nemendur í skólabyrjun voru 954 (1996), 948 (1997), 874 (1998), 830 (1999), 749 (2000), 747 (2001), 779 (2002), 814 (2003), 840 (2004), 850 (2005), 865 (2006), 877 (2007), 853 (2008), 908 (2009), 876 (2010) og 894 (2011). Æskileg stærð skólans miðað við námsframboð er 750-850.

Eftirspurn eftir skólavist hefur verið mikil en því miður getur skólinn ekki tekið við mikið fleiri nemendum í einsetinn skóla og óbreytt húsnæði. Hins vegar eru miklar vonir bundnar við að á allra næstu árum verði gert verulegt átak í löngu tímabæru og rækilegu viðhaldi á húsnæði skólans ásamt nýbyggingum í ljósi samkomulags milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um húsnæðisþörf framhaldsskóla í Reykjavík. Ljóst er að slíkar ráðagerðir munu raska skólahaldi um sinn og hafa áhrif á áætlanagerð um skólahald.

Námsframboð og kennsla

Skólaárið 2011-2012 er níunda skólaárið þar sem námsframboð í öllum bekkjum er miðað við nýja aðalnámskrá frá 1999. Á fyrstu tveimur árum er að mestu kenndar námsgreinar í kjarna á mála- og náttúrufræðabrautum. Á fundi í menntamálaráðuneytinu í vor var rætt um þann möguleika að framhaldsskólarnir gerðu meira af því að taka að sér sérhæfð verkefni. Í ljósi lítillar aðsóknar að málabraut var rætt um það í hittifyrri að MR tæki að sér að bjóða nemendum í vesturhluta Reykjavíkur upp á nám á málabraut en Kvennaskólinn að bjóða nemendum upp á nám á félagsfræðibraut.

Sérverkefni

Síðustu ár hafa verið uppi viðræður um að koma á fót stærðfræðiveri í skólanum. Í síðustu ársskýrslu var greinargerð um það en þar sem engin niðurstaða hefur fengist er þessi greinargerð látin fylgja með:

Menntamálaráðuneytið mun hafa sýnt áhuga á að koma á fót stærðfræðiveri sem staðsetja mætti í Menntaskólanum í Reykjavík. Eflaust er það vegna þeirrar starfsemi sem þar hefur farið fram á laugardögum undanfarna vetur. Rétt að lýsa því sem þar fer fram ásamt tilheyrandi vinnu.

Flesta laugardaga yfir veturinn er nemendum boðið að koma og taka þátt í stærðfræðikeppni. Hefst hún kl. 10. Henni er skipt í efra stig (fyrir 5. og 6. bekk) og neðra stig (fyrir 3. og 4. bekk). Yfirleitt er um einstaklingskeppni að ræða. Þá hafa nemendur 2-3 klst. til að leysa verkefnið eftir stigum. Af og til er boðið upp á liðakeppni. Þá eru 5 í liði og þau hafa 3-4 klst. að leysa verkefnið af hendi.

Flestir keppenda hafa verið nemendur Menntaskólans í Reykjavík, en þó hafa oft fáeinir nemendur úr öðrum skólum tekið þátt.

Talsverð vinna liggur að baki einum laugardegi. Finna þarf dæmi, setja þarf hverja keppni upp í tölvu og skrifa lausnir á dæmum. Sitja þarf yfir keppendum á meðan keppnin stendur yfir. Loks þarf nokkra til þess að fara yfir úrlausnir nemenda. Ætla má að um 45-50 klst. vinna sé lögð af mörkum fyrir einn slíkan dag.

Ef af þessu á að verða þarf að huga að öllu í tíma. Meta þarf hve mikil vinna fer í þetta starf, hver launin verða, hverjir taka einstaka þætti að sér o.þ.h., því að viðkomandi þurfa að geta metið hve mikilli hefðbundinni kennslu þeir anna samhliða þessu starfi.

Menntaskólinn í Reykjavík er tilbúinn að ræða nánar um útfærslu hugmyndarinnar. Boðið hefur verið upp á þessa þjónustu undanfarin ár þrátt fyrir að skólanum hafi ekki verið

reiknað sérstakt framlag til verksins enda er litið svo á að þessi þjónusta sé til að koma til móts við áhugasama nemendur í stærðfræði. Rétt er að vekja athygli á að fyrrverandi menntamálaráðherra, Björn Bjarnason, fór þess upphaflega á leit við skólann að koma á fót stærðfræðiverinu. Þessi þjónusta hefur fengið mjög góðar undirtektir hjá allmörgum nemendum.

Á undanförunum áratug hefur tekist að byggja upp mjög öflugt kórstarf við skólann. Við vorpróf 2005 fengu nemendur sem tóku þátt í kórstarfinu í fyrsta sinn þátttöku sína metna til eininga. Guðlaugur Viktorsson var ráðinn kórstjóri skólans haustið 2006. Kóræfingar voru í vetur tvo eftirmiðdaga í viku. Nemendur, sem lögðu nægilega mikla alúð í starfið að mati kórstjórans, fengu eina einingu fyrir kórstarfið.

Fjármögnun, rekstur og laun

Rekstrarreikningur fyrir árið 2011 (þús. kr.) Bráðabirgðayfirlit

| | Reikningur 2011 | Reikningur 2010 | Fjárheimildir 2011 |
|-----------------------|--------------------|--------------------|-----------------------|
| Tekjur | | | |
| Sértekjur | 17.135 | 13.274 | 14.400 |
| Markaðar tekjur | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar rektstrartekjur | 11.288 | 10.621 | 7.400 |
| Tekjur samtals | 28.423 | 23.895 | 21.800 |
| Gjöld | | | |
| Almennur rekstur | | | |
| 101 Almennur rekstur | 535.931 | 531.480 | 515.25179 |
| Gjöld samtals | 535.931 | 531.480 | 515.25179 |
| Tekjur umfram gjöld | -507.509 | -507.585 | -493.45149 |
| Framlag úr ríkissjóði | 493.451 | 502.947 | 493.45103 |
| Hagnaður/tap ríkisins | -14.057 | -4.638 | 046 |
| Inneign í lok árs | 21.454 | 35.511 | 63 |

Fjársýsla ríkisins er að vinna að lokun bókhalds skólans vegna sértekna. Fjárlög 2011 eru miðuð við nemendatöluna 895.

Yfirlit yfir rektstrargjöld árið 2011 (Upphæðir í þús. kr.)

| Laun og launatengd gjöld | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|--------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Dagvinna | 313.699 | 311.596 | 304.960 | 290.539 | 269.915 |
| Yfirvinna | 44.113 | 50.218 | 58.600 | 59.668 | 56.680 |
| Vaktaálag | 292 | 280 | 275 | 461 | 413 |
| Aukagreiðslur | 4.993 | 1.563 | 2.924 | 4.737 | 3.119 |
| Launatengd gjöld | 90.695 | 90.781 | 80.839 | 74.770 | 69.534 |
| <i>Samtals:</i> | <i>453.791</i> | <i>454.438</i> | <i>447.599</i> | <i>430.175</i> | <i>399.662</i> |

| Ferðir o. fl. | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|---------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Fundur, námskeið og risna. | 1.232 | 834 | 802 | 900 | 1.734 |
| Ferða- og dvalarkostnaður innl. | 19 | 0 | 0 | 45 | 0 |
| Ferða- og dvalarkostn. erl. | | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Akstur | 125 | 525 | 942 | 1.121 | 467 |
| <i>Alls</i> | <i>1.376</i> | <i>1.359</i> | <i>1.744</i> | <i>2.066</i> | <i>2.201</i> |

| Rekstrarvörur | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|--------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Tímarit, blöð og bækur | 693 | 559 | 582 | 647 | 781 |
| Skrifstofuvörur og áhöld | 4.261 | 4.380 | 3.991 | 3.884 | 2.847 |
| Aðrar vörur | 3.074 | 3.617 | 3.698 | 3.323 | 2.712 |
| <i>Samtals:</i> | <i>8.027</i> | <i>8.556</i> | <i>8.271</i> | <i>7.855</i> | <i>6.341</i> |

| Þjónusta | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|-----------------------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Önnur sérfræðiþjónusta | 5.573 | 5.774 | 6.032 | 5.635 | 4.581 |
| Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta | 3.955 | 3.674 | 3.121 | 2.654 | 1.236 |
| Prentun, póstur, augl., flutning. | 1.714 | 1.607 | 1.507 | 1.520 | 1.464 |
| Sími og ýmisleigugjöld | 2.701 | 2.678 | 3.721 | 3.223 | 5.124 |
| <i>Samtals:</i> | <i>13.943</i> | <i>13.732</i> | <i>14.380</i> | <i>13.033</i> | <i>12.405</i> |

| Húsnæðiskostnaður | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|------------------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Verkkaup og byggingarvörur | 579 | 3.124 | 5.102 | 10.497 | 4.926 |
| Rafmagn og heitt vatn | 6.068 | 4.896 | 4.985 | 4.567 | 4.184 |
| Húsaleiga, aðk. ræsting | 44.065 | 35.637 | 39.410 | 40.051 | 38.445 |
| Fasteignagjöld og tryggingar | 66 | 59 | 60 | 57 | 69 |
| <i>Samtals:</i> | <i>50.778</i> | <i>43.716</i> | <i>49.557</i> | <i>55.172</i> | <i>47.623</i> |

| Bifreiðar | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|-------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Brennslufni og olíur | 24 | 48 | 22 | 20 | 50 |
| Verkstæði og varahlutir | 187 | 228 | 473 | 557 | 393 |
| <i>Alls</i> | <i>211</i> | <i>276</i> | <i>495</i> | <i>577</i> | <i>443</i> |

| | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Eignakaup | 1.660 | 2.835 | 5.694 | 12.948 | 12.275 |

| | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|-------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Tilfærslur | 257 | 142 | 118 | 115 | 124 |

| | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|---------------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Vextir, bætur og skattar | 98 | 24 | 119 | 78 | 32 |

| Tekjur | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|----------------------|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Innritunargjöld | 11.288 | 10.621 | 7.770 | 7.380 | 7.599 |
| Tölvu- og efnisgjöld | 4.490 | 3.959 | 3.612 | 2.780 | 2.628 |
| Vörusala | 10.267 | 9.315 | 3.863 | 4.289 | 3.063 |
| Aðrar rekstrartekjur | 2.378 | | | | |
| <i>Samtals</i> | <i>28.423</i> | <i>23.895</i> | <i>15.244</i> | <i>14.449</i> | <i>13.290</i> |

| Gjöld | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 | 2007 |
|---------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Launakostnaður alls | 453.791 | 454.438 | 447.599 | 430.175 | 399.662 |
| Önnur gjöld alls | 76.349 | 70.641 | 80.418 | 91.846 | 81.445 |

| | | | | | |
|------------|---------|---------|---------|---------|---------|
| Gjöld alls | 530.141 | 525.079 | 528.017 | 522.021 | 481.107 |
|------------|---------|---------|---------|---------|---------|

Viðhald húsnæðis

Raungreinahúsið að Þingholtsstræti 18 og tengibygging yfir í Casa Nova voru tekin í notkun í ársbyrjun 1999 og innréttingar settar í tilraunastofur haustið 2000.

Innanhússviðgerðir á Amtmannsstíg 2 voru boðnar út árið 2003 og var framkvæmdum lokið í febrúar 2004. Þetta nýja húsnæði hefur gjörbreytt vinnuaðstöðu kennara og nú er svo komið allir fastráðnir kennarar skólans hafa til umráða skrifborð, tölvu og bókaskáp. Af þessum sökum tekst starfsfólki yfirleitt að ljúka sinni vinnu á vinnustað.

Tímamótasamningur tókst milli Reykjavíkur og ríkisins í september á árinu 2003 um hvernig skuli staðið að viðhaldi og nýbyggingum á Menntaskólareitnum á næstu árum. Miklar vonir eru bundnar við að það samkomulag verði efnt. Endurgerð Casa Nova fór fram 2005-7 og tókst það verk sérstaklega vel. Deiliskipulag Menntaskólaþorpsins var samþykkt í borgarráði 2009. Embættismenn borgarinnar og skipulagsyfirvöld borgarinnar hafa hafnað erindi skólans um að fá að flytja Bókhöðstíg 7 af lóð skólans. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir húsinu áfram. Hönnun næsta áfanga í nýbygginga-áformum fyrir Menntaskólann í Reykjavík var skilað inn til fjármála- og menntamálaráðuneytis um áramótin 2010/2011. Vonir eru bundnar við að unnt verði að hefja framkvæmdir við nýbyggingar á lóð skólans fljótlega. Bygginganefnd hefur ekki sett upp framkvæmdaáætlun en ráðgert er að rífa hús KFUM, endurgera Fjósið og reisa nýbyggingar með nýjum kennslustofum, sambyggðum samkomu- og íþróttasal, þreksal, litlum samkomusal og veitingaaðstöðu fyrir nemendur. Að því loknu verður byrjað á viðhaldi Gamla Skólahússins, bókhöðunnar Íþöku og samhliða því verður núverandi íþróttahúsi breytt í bókasafn.

Viðhaldsfé skólans fyrir þetta ár fór í ýmis viðhaldsverk sem unnið hefur verið að í sumar:

- e) Töluvert var gert í að snyrta aðstöðu með málningarvinnu bæði utanhúss og innanhúss.
- f) Í júnibyrjun var Hátíðasalurinn tekinn í gegn, málaður, gólf slípuð og lökkuð.
- g) Unnið er að því að hanna brunastiga sem ætlunin er að setja upp við Íþökuloft á bókasafninu.
- h) Fjármálaráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið gerðu samkomulag í fyrra um að húsnæði Menntaskólans færðist yfir í umsjá Fasteigna ríkisins í haust frá og með 1. september sl. og vonandi verður það til að viðhald verði aukið á húsnæði skólans.
- i) Unnið er að undirbúningi þess að endurnýja alla gluggahlið Þingholtsstrætis 18.
- j) Jafnframt er unnið að því að koma því verki í kring að skipta um bárujárn á Bókhöðustíg 7 og endurnýja glugga hússins.
- k) Selsframkvæmdum lauk í fyrra og í vor barst skólanum veglegar gjafir frá afmælisstúdentum til húsgagnaþauka í Selið og þá verður ekkert því til fyrirstöðu að taka húsið aftur í notkun.
- l) Í vor var gerður samningur við afmælisnefnd á vegum Reykjavíkurborgar og ríkisins um afmælishátið Jóns Sigurðssonar í tilefni af 200 ára afmæli hans. Skólinn fékk styrk nefndarinnar til viðhalds á Hátíðasalnum í byrjun júní, nokkrum nemendum var tryggð sumarvinna við að sjá um leiðsögn á sýningunni í

sumar þar sem þau nutu handleiðslu Árna Indriðasonar og Helga Ingólfssonar sögukennara. Jafnframt var samið við nefndina um að skólinn eignaðist sýningaspjöldin þannig að unnt yrði að halda sýningu áfram næsta sumar.

Samkomulag ríkis og Reykjavíkurborgar frá 2003 gekk út á að á fyrstu fimm árum taki ríkið að sér að lagfæra núverandi húsnæði skólans en ekki verði ráðist í nýbyggingar með þátttöku Reykjavíkurborgar fyrr en að þeim tíma liðnum. Þessi röð framkvæmda hentar skólanum illa. Að lokinni endurnýjun Casa Nova þarf að rífa hús KFUM&K og reisa aðalkennsluálmú skólans ásamt íþróttahúsi og auditorium. Við endurgerð Casa Nova var til bráðabirgða gert ráð fyrir veitingaaðstöðu fyrir nemendur í hádegishléi og til að stunda félagslíf sitt en gert er ráð fyrir þeirri aðstöðu í nýrri byggingu. Að loknum nýbyggingum er unnt að huga að viðhaldi Skólahússins. Að vísu væri unnt að ráðast í endurgerð Fjóssins og Íþöku áður en farið væri út í nýbyggingar. Viðhald Íþöku er orðið afar brýnt, sérstaklega utanhúss, bæði á veggjum og gluggum. Það er jafnframt unnt að hugsa sér að flytja íþróttakennslu frá skólanum tímabundið á meðan verið er að endurgera gamla íþróttahúsið og breyta því í nýtt bókasafn. Þótt viðhald gamla Skólahússins sé orðið afar brýnt er vandséð hvernig unnt væri að halda uppi skólahaldi með því að loka Skólahúsinu á meðan viðgerðir færu fram nema búið væri að reisa nýbyggingar.

Áætlanir bygginganefndar miða við þessa breyttu framkvæmdaröð og vonast er eftir að nýbyggingaframkvæmdir hefjist strax og unnt verði að fjármagna næsta áfanga enda er það verk tilbúið til útboðs. Nú þegar þarf að hefjast handa við að tryggja fjármagn og stuðning ríkisvaldsins og Reykjavíkurborgar til nýbyggingaframkvæmda en vegna samdráttar í ríkisrekstri er óljóst um framhaldið.

Önnur verkefni

Það hefur verið ráðist í mörg önnur verkefni á árinu 2011. Hér verða talin upp nokkur þeirra.

10. Inna hefur gengið vel á þessu ári. Það tókst loksins fyrir þremur árum að komast fyrir helstu erfiðleika við vinnslu á stundatöfluhlutanum fyrir bekkjaskóla og nú var unnt að notast við tölvukerfi til að leggja stundatöflu við skólann í fjórða skipti. Síðastliðið vor var unnt að nota kerfið til að prenta stúdentsprófsskírteini í þriðja skipti í sögu skólans en fram að því hafði ávallt verið notaður fjaðurstafur til að árita stúdentsprófsskírteini.
11. Búið er að endurnýja öll nemendahúsgögn og töflur. Elstu húsgögn eru frá árinu 1991. Búið er að endurnýja nemendahúsgögn í Casa Nova, Þingholtsstræti 18 og einni stofu í Casa Christi með hæðarstillanlegum nemendastólum. Á árinu 2011 voru öll eignakaup skorin að mestu niður í hagræðingarskyni og hefur það komið niður á tölvubúnaði og skjávörpum með því að viðhaldskostnaður hefur aukist töluvert.

Undanfarin ár hefur verið unnið að brunahönnun fyrir Sel Menntaskólans í Hveragerði. Ekki er skólanum ætlað fjármagn til viðhalds Skólaselsins en afmælisstúdentar hafa oft stutt skólann með fjárframlögum til viðhalds Selsins. Við skólaslit undanfarin níu ár hafa fjölmargir afmælisstúdentar styrkt þetta verkefni. Byggingayfirvöld í Ölfusi hafa samþykkt brunahönnun sem unnið er eftir. Hins vegar kom í ljós að verkið var mun

umfangsmeira en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir og þurfti að endurgera húsið meira og minna. Endurnýja þurfti allar raflagnir og pípulagnir og endurnýja glugga. Brunhólfun 1. hæðar er langt komin en samhliða því að skipt hefur verið um brunapólnar plötur í útveggi og hafa útveggir verið einangraðir. Kostnaður hefur verið mikill en ég hef fengið viðhaldsstyrk af viðhaldsfé skólans til verksins. Um áramótin 2008/2009 var lokið við að skipta um alla glugga og hurðir í húsinu og klæðningu utanhúss. Nú er framkvæmdum loksins lokið og allar úttektaraðilar hafa lagt blessun sína yfir að leyfa að taka Selið aftur í notkun í vor.

Ársáætlun

Ekki hefur verið hreyft við stofananasamningi um launaröðun starfsmanna á vegum Kennarasambands Íslands.

Í ársáætlun er reynt að áætla á grundvelli væntanlegs skólasamnings um nemendaígildi og á grundvelli reksturs sl. árs. Miðað er við nemendaígildi 895 eins og gert er ráð fyrir í fjárlögum. Á árinu 2007 var bætt við starfsmanni við námsráðgjöf. Æskilegt er að auka starfsmannahald vegna fjármálastjórnar. Fjárlög ársins 2012 eru gífurlega mikil vonbrigði en fjárveitingar til skólans eru lækkaðar enn á ný ofan á þann niðurskurð sem skólinn fékk við afgreiðslu fjárlaga 2010 vegna mikillar lækkunar á fjárveitingum við að taka húsnæðisþátt út úr reiknilíkaninu og svo aftur 2011. Ekki hefur á fjárlögum verið gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu vegna reksturs stærðfræðivers við skólann en samt hefur það verið starfrækt að hluta af rekstrarfé skólans og mikilli sjálfboðavinnu stærðfræðikennara. Á þessu ári þarf að grípa til mjög sársaukamikilla niðurskurðaraðgerða og er vandséð hvernig það verður unnt nema með niðurskurði á námskrá nemenda. Í fyrra var aðstoðarmanni á bókasafni sagt upp, lækkað starfshlutfall hjá þeim sem sér um daglegt viðhald skólans úr 100% í 75%, námframboð í mörgum námsgreinum var skert og minnkuð kennslu í verklegum greinum raungreina. Er vandséð hvernig verður unnt að hagræða frekar. Niðurstöðutölur rekstraráætlunar eru eftirfarandi:

Menntaskólinn í Reykjavík - rekstraráætlun 2012

| Helstu liðir | 2011 Rauntölur | 2012 #REF! | Breyting milli ára | % |
|--|-------------------|----------------|-----------------------|---------|
| Launakostnaður | 453.791.350 | 461.912.116 | 8.120.766 | 1,8% |
| Ferðir o.fl. | 1.375.745 | 1.250.000 | -125.745 | -9,1% |
| Rekstur | 8.011.455 | 7.400.000 | -611.455 | -7,6% |
| Þjónusta | 13.505.071 | 12.600.000 | -905.071 | -6,7% |
| Húsnæði | 50.831.421 | 43.070.000 | -7.761.421 | -15,3% |
| Bifreiðar | 224.791 | 250.000 | 25.209 | 11,2% |
| Skattar, fjármagnskostn. | 97.107 | 80.000 | -17.107 | -17,6% |
| Eignarkaup | 1.659.887 | 2.800.000 | 1.140.113 | 68,7% |
| Tilfærslur | 257.000 | 0 | -257.000 | -100,0% |
| Rekstrarkostnaður alls | 529.753.827 | 529.362.116 | -391.711 | -0,1% |
| Sértekjur | 22.331.802 | 22.600.000 | 268.198 | 0 |
| Mismunur tekna og gjalda | 507.422.025 | 506.762.116 | -659.909 | -0,1% |
| Afstemmingartala úr síðunni innlestur: | | 506.762.116 | | |
| Til ráðstöfunar | | | | |
| skv. fjárlögum | 457.400.000 | 485.400.000 | 28.000.000 | 6,1% |
| frá fyrra ári | 35.510.842 | 21.540.250 | -13.970.592 | -39,3% |
| annað | 36.051.433 | | -36.051.433 | -100,0% |
| Fjárheimildir alls | 528.962.275 | 506.940.250 | -22.022.025 | -4,2% |
| Rekstrarafkoma ársins | 21.540.250 | 178.134 | Afgangur | |

Lokaorð

Unnið hefur verið að undirbúningi nýrrar námskrár í skólanum eins og ný lög um framhaldsskólann gera ráð fyrir en skólinn fékk styrk frá menntamálaráðuneytinu að upphæð 1 milljón kr. til að hefja undirbúning að þeirri vinnu. Sótt hefur verið um styrk í Sprotasjóð til að geta haldið þeirri vinnu áfram og eru vonir bundnar við að unnt verði að leggja skólanámskrá fyrir til umsagnar í menntamálaráðuneytinu á næsta ári. Einn af kostum nýrra laga er að stefnt er að því að viðhalda sveigjanleika framhaldsskólans þannig að skólum verði gefinn kostur á að bjóða upp á nám sem muni undirbúa nemendur sem best undir næsta skólastig. Það þýðir t.d. að Menntaskólinn í Reykjavík getur áfram boðið upp á svipað nám og hann hefur gert.

Á næstu árum má búast við breytingum á nýrri námskrá skólans og unnið verður með starfsfólki að endurskoðun námskrárinnar. Það er með hreinum ólíkindum hversu lengi ætlar að dragast að taka á brýnum húsnæðisvanda skólans þrátt fyrir samninga ríkisvaldsins og Reykjavíkurborgar um byggingaáform við skólann. Það eru miklar væntingar til þess að tekið verði með myndarlegum hætti á húsnæðisvanda skólans enda er rúmt ár síðan að næsti byggingaáfangi var tilbúinn til útboðs. Ég bind miklar vonir við að nú styttest í að ríkisvaldið og Reykjavíkurborg sýni stórhug í verki og verði samhent um að bæta úr húsnæðisvanda skólans með myndarlegum hætti.

Virðingarfyllst,

Yngvi Pétursson, rektor
Menntaskólans í Reykjavík